

LANDSRÉTTUR

Úrskurður miðvikudaginn 8. september 2021.

Mál nr. 478/2021:

A

(Porbjörg Inga Jónsdóttir lögmaður)

gegn

B

(Helgi Birgisson lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Börn. Bráðabirgðaforsjá. Lögheimili til bráðabirgða. Meðlag. Umgengni. Sáttameðferð. Frávísun frá héraðsdómi.

Útdráttur

Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem skorið var til bráðabirgða úr ágreiningi málsaðila um forsjá og lögheimili dóttur þeirra, umgengni hennar við málsaðila og greiðslu meðlags með henni. Landsréttur vísaði til þess að af gögnum málsins yrði ráðið að aðilar hafi aðeins í eitt skipti verið boðaðir til sáttameðferðar áður en vottorð um sáttameðferð var gefið út. Það væri í andstöðu við fyrirmæli 5. mgr. 33. gr. a barnalaga. Af þeim sökum var málinu vísað frá héraðsdómi.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Arnfríður Einarsdóttir, Jóhannes Sigurðsson og Oddný Mjöll Arnardóttir kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Sónnaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 15. júlí 2021. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 27. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júlí 2021 í málinu nr. E-[...]/2021 þar sem skorið var til bráðabirgða úr ágreiningi aðila um forsjá dóttur þeirra, lögheimili, umgengni og greiðslu meðlags. Kæruheimild er í 5. mgr. 35. gr. barnalaga nr. 76/2003.
- 2 Sónnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að bráðabirgðakröfum varnaraðila í héraði verði hafnað. Jafnframt krefst hún þess að kveðið verði á um tilhögun umgengni dóttur aðila við það foreldri sem hún býr ekki hjá meðan á forsjármáli aðila stendur. Þá er gerð krafa um kærumálskostnað.
- 3 Varnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur um að aðilar fari sameiginlega með forsjá dóttur þeirra og að lögheimili hennar verði hjá kærða þar til endanlegur dómur gengur. Jafnframt krefst hann þess að staðfestur verði úrskurður héraðsdóms um meðlag og umgengni. Auk þess krefst hann kærumálskostnaðar.

Niðurstaða

- 4 Samkvæmt 33. gr. a barnalaga, sem lögfest var með 12. gr. laga nr. 61/2012 og var síðar meðal annars breytt með 2. gr. laga nr. 144/2012, er það ófrávíkjanleg skylda foreldra að undirgangast sáttameðferð áður en krafist er úrskurðar eða mál höfðað um forsjá, lögheimili, umgengni, dagsektir eða aðför. Markmið sáttameðferðar samkvæmt 3. mgr. sama ákvæðis er að hjálpa foreldrum að gera samning um þá lausn máls sem er barni fyrir bestu.
- 5 Nánar er fjallað um inntak sáttameðferðar í athugasemdum við 12. gr. frumvarps til laga nr. 61/2012. Þar kemur fram að rétt þyki að gera foreldrum almennt að leita sátta í hvert sinn sem krafist sé úrskurðar eða höfðað sé mál enda megi ganga út frá því að æskilegt sé að skoða sérstaklega í hverju ágreiningur foreldra er fólgin í hvert sinn og hvort unnt sé að hjálpa þeim að sætta mál.
- 6 Samkvæmt 5. mgr. 33. gr. a barnalaga gefur sáttamaður út vottorð um sáttameðferðina ef foreldrum tekst ekki að gera samning. Heimilt er að gefa út vottorð um sáttameðferð ef foreldrar mæta ekki á sáttafund eftir að hafa fengið kvaðningu tvívegis. Samkvæmt 6. mgr. greinarinnar skal í vottorði um sáttameðferð gera grein fyrir því hvernig sáttameðferð fór fram, helstu ágreiningsatriðum, afstöðu aðila og sjónarmiðum barns, nema það sé talið ganga gegn hagsmunum barnsins. Samkvæmt 7. mgr. greinarinnar er vottorð um sáttameðferð gilt í sex mánuði eftir útgáfu. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 61/2012 segir um 7. mgr. að ef lengri tími en sex mánuðir líður frá því að sáttavottorð var gefið út þar til foreldri krefst úrskurðar eða höfðar mál þyki rétt að leitað verði sátta að nýju en gera verði ráð fyrir að umfang sáttameðferðar geti tekið mið af því að sátta hafi áður verið leitað.
- 7 Í málinu liggur fyrir vottorð um sáttameðferð 31. ágúst 2020. Þar kemur fram að þann dag hafi aðilar verið boðaðir til sáttameðferðar hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Sóknaraðili hafi ekki mætt og varnaraðili hafi óskað eftir því að sáttavottorð yrði gefið út svo ekki yrðu frekari tafir á málinu. Loks segir að virk sáttameðferð hafi ekki farið fram.
- 8 Af gögnum málsins verður ráðið að aðilar hafi aðeins í þetta eina skipti verið boðaðir til sáttameðferðar áður en vottorð um hana var gefið út. Er það í andstöðu við fyrirmæli 5. mgr. 33. gr. a barnalaga. Af þeim sökum verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá héraðsdómi.
- 9 Rétt þykir að kærumálakostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Kærumálakostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júlí 2021

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 23. júní sl., var höfðað með stefnu birtri 23. febrúar 2021 og þingfest 25. sama mánaðar. Stefnandi er B, [...], Reykjavík, en stefnda er A, [...], Reykjavík.

Stefnandi krefst þess aðallega að honum verði dæmd forsjá C, kt. [...], dóttur hans og stefndu, til fullnaðs 18 ára aldurs og að stúlkan eigi lögheimili hjá stefnanda. Til vara er þess krafist að forsjá dótturinnar verði ákveðin sameiginleg með foreldrum, en að lögheimili hennar verði hjá stefnanda. Í báðum tilvikum er þess krafist að kveðið verði á um inntak umgengnisréttar og greiðslu einfalds meðlags til barnsins úr hendi stefndu. Þá krefst stefnandi þess að stefnda verði dæmd til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda gerir kröfu um sýknu af öllum kröfum stefnanda og að hún fari áfram ein með forsjá barnsins C, kt. [...], að óskiptu. Til vara er gerð krafa um að lögheimili barnsins verði áfram hjá stefndu. Þá er gerð krafa um málskostnað úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Hér fyrir dómnum nú verður eingöngu leyst úr ágreiningi aðila um bráðabirgðakröfur stefnanda, sóknaraðila í þessum þætti málsins, en þeim hefur stefnda, varnaraðili í þessum þætti málsins, mótmælt. Krefst sóknaraðili þess aðallega að honum verði til bráðabirgða falin forsjá barns aðila, C, kt. [...], þar til endanlegur dómur gengur um forsjá hennar og að lögheimili hennar verði hjá honum og kveðið verði á um að varnaraðili verði gert að greiða einfalt meðlag frá uppkvaðningu úrskurðar. Til vara krefst sóknaraðili þess að forsjá verði sameiginleg en að lögheimili barnsins verði hjá honum. Þá gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðili verði gert að greiða einfalt meðlag frá uppkvaðningu úrskurðar. Loks gerir sóknaraðili kröfu um málskostnað úr hendi varnaraðila en til vara að ákvörðun um málskostnað bíði efnisdóms. Sóknaraðili tekur fram að hann geri ekki kröfu um að kveðið verði á um umgengni eins og málum er nú háttáð.

Varnaraðili krefst þess að bráðabirgðakröfum sóknaraðila verði hafnað og að kveðið verði á um tilhögun umgengni meðan á forsjármáli aðila stendur. Þá er gerð krafa um málskostnað úr hendi sóknaraðila í þessum þætti málsins.

Dómari fól D sálfræðingi að kanna afstöðu stúlkunnar til framkominnar kröfu sóknaraðila á grundvelli 43. gr. barnalaga nr. 76/2003. Skilaði sálfræðingurinn skriflegri skýrslu og gaf einnig skýrslu fyrir dómnum við flutning málsins.

I

Helstu málsatvik

Aðilar máls þessa munu hafa kynnst á árinu 2009 og samband þeirra varað stutt. Þau stofnuðu ekki heimili og voru ekki í skráðri sambúð. Dóttir þeirra, C, fæddist [...]. Varnaraðili fer ein með forsjá stúlkunnar og lögheimili hennar er hjá henni. Varnaraðili á einnig börnin E sem fædd er í [...] og F sem fæddur er í [...], sem eru í sameiginlegri forsjá foreldra sinna. Fyrir dómnum er nú rekið mál sem faðir þeirra hefur höfðað þar sem hann krefst þess að honum verði dæmd forsjá barnanna. Varnaraðili á einnig soninn G, sem fæddur er í [...], og er í sambúð með föður hans.

Fram kemur í stefnu að sóknaraðili hafi lítið verið virkur í lífi dótturinnar fyrstu árin og að það hafi ekki verið fyrir en á árinu [...], er hann hafi komið til Íslands [...], að regluleg umgengni hafi hafist. Fyrst var umgengnin aðra hverja helgi en síðan hafi umgengni orðið viku og viku í senn. Móðir sóknaraðila og eiginmaður hennar hafi á fyrstu æviárum stúlkunnar hins vegar verið í reglulegu samneyti við hana og tekið hana inn á heimili sitt. [...] Árið 2016 hafi stúlkan byrjað að koma til sóknaraðila aðra hverja helgi og einnig þess á milli þegar hún hafi viljað. Árið 2017 hafi sóknaraðili flust í [...] og þá hafi byrjað aðlögum að því að stúlkan dveldist aðra hverja viku á heimili hans. Hún hafi svo verið á heimili stefnanda frá ársbyrjun 2019 nánast til dagsins í dag.

Fram kemur í greinargerð varnaraðila að stúlkan hafi ekki verið í reglulegri umgengni við föður allt fram til 2016 en hafi þá farið í helgarumgengni við hann og síðan í umgengni viku og viku á árinu 2018. Umsjá og umönnun stúlkunnar hafi þannig verið óskipt hjá varnaraðila frá fæðingu stúlkunnar og hafi barnið ekki kynnst föður sínum fyrir en skömmu áður en umgengni hafi hafist við hann enda hafi hann mestmegnis verið í neyslu fíkniefna og í óreglulegu líferni fram til ársloka 2017 að því er varnaraðili viti best.

Fram kemur í gögnum málsins að börn varnaraðila hafi verið í umgengni við feður sína aðra hverja helgi frá vori 2020 og fram á haust það ár en þá hafi yngri börnin tvö, E og F, farið í viku og viku umgengni til föður síns og C til sóknaraðila frá nóvember 2020. Samkvæmt samkomulagi aðila skal umgengni vera jöfn, viku og viku í senn hjá hvoru foreldri. Sóknaraðili fór fram á breytingu á skipan forsjár með beiðni til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu 29. apríl 2019. Varnaraðili hafnaði því fyrir sitt leyti. Málinu var vísað til sáttameðferðar 6. júní 2020, sbr. ákvæði 33. gr. a í barnalögum. Varnaraðili mætti þar ekki í boðuð sáttaviðtöl. Sáttavottorð um árangurslausa sáttameðferð var gefið út 31. ágúst 2020.

Fram kemur í stefnu að stefnandi sé í sambúð með H og eigi þau þrjá syni; [...]. [...]

Varnaraðili mun hafa hafið sambúð með núverandi sambýlismanni sínum, J, sumarið 2018. Þau eignuðust son [...], G. Samkvæmt gögnum málsins voru áhyggjur af velferð móður og barns á meðgöngu vegna fíkni- og geðsögu hennar og hún var í áhættumæðravernd. Fram kemur í greinargerð varnaraðila að miklir erfiðleikar hafi verið við fæðingu barnsins, það hafi m.a. [...], og hafi varnaraðili verið lengi að jafna sig vegna þess og erfiðleika sem tengdust meðgöngu og fæðingu.

Fram kemur í gögnum málsins að barnaverndaryfirvöld hafa haft aðkomu að málefnum stúlkunnar C og systkina hennar, E og F, síðustu misseri. Mál þeirra voru til meðferðar hjá Barnavernd Reykjavíkur frá áramótum 2018/2019 til október 2020 í kjölfar tilkynninga er lutu að áhyggjum vegna aðbúnaðar og umönnunar barnanna á heimili móður og sambýlismanns hennar og vímuefnaneyslu þeirra. Börnin voru í umsjá föður samfellt frá 2. apríl 2019 fram til loka mars 2020, lengst af með samþykki varnaraðila, en síðar á grundvelli úrskurða Barnaverndar.

Þannig hefur verið fjallað um málefni móður og barna í málum er varða ákvarðanir barnaverndaryfirvalda í úrskurðum Landsréttar [...] í málum nr. [...] /2019 og [...] /2019, þar sem ákvarðanir um vistun barnanna voru staðfestar, og svo í úrskurðum Landsréttar frá 27. mars 2020 í málum nr. [...] /2020 og [...] /2020 þar sem ákvarðanir barnaverndaryfirvalda um vistun barnanna í samtals sex mánuði, frá 20. desember 2019 að telja, voru felldar úr gildi.

Máli vegna aðbúnaðar barnanna hjá varnaraðila var lokað hjá Barnavernd í október 2020 þrátt fyrir að enn væru að berast tilkynningar vegna aðbúnaðar barnanna, m.a. frá skóla þeirra. Könnun máls var hafin að nýju í lok árs 2020 eftir að tilkynningar um vanrækslu hófu að nýju að berast í desember 2020 og áfram í janúar og febrúar 2021.

Í byrjun febrúar 2021 rituðu sóknaraðili og sambýlismaður hennar undir áætlun um meðferð máls sem skyldi standa til 4. júní sl. Barnavernd skyldi styðja sambýlismanninn í að komast í vímuefna meðferð og halda bindindi. Jafnframt skyldi styðja móður í að halda bindindi með aðstoð fagaðila og athuga að fá stuðning inn á heimilið til þess að styðja og efla hana og sambýlismann hennar í uppeldishlutverki sínu.

Að morgni laugardagsins 27. febrúar 2021 mun C hafa haft samband við föður sinn og beðið hann að sækja sig á heimili varnaraðila og sambýlismanns hennar. Hún gæti ekki vakið móður sína en öll systkini hennar væru vöknud, þar á meðal litli bróðir hennar, sem fæddur er [...], og hún var að sinna. Faðir hennar hafði samband við föður E og F, svo og Barnavernd. Skipuðust mál þannig að börnin fóru á heimili fedra sinna þann dag og hafa verið þar síðan. Sóknaraðili höfðaði svo forsjármál þetta 12. mars 2021.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 17. maí 2021 var staðfestur úrskurður barnaverndarnefndar Reykjavíkur, 13. apríl 2021, um að börn varnaraðila, E og F, skyldu vistuð utan heimilis í tvo mánuði og jafnframt var fallist á kröfu barnaverndaryfirvalda um vistun barnanna utan heimilis varnaraðila í tvo mánuði til viðbótar, eða samtals í fjóra mánuði talið frá 13. apríl 2021, þ.e. til 13. ágúst 2021. Úrskurður héraðsdóms var staðfestur með úrskurði Landsréttar í máli nr. [...] /2021. Þá staðfesti Landsréttur einnig í máli nr. [...] /2021 úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur frá 17. maí 2021 um vistun dóttur aðila, C, utan heimilis í tvo mánuði og jafnframt kröfu um vistun hennar utan heimilis varnaraðila í tvo mánuði til viðbótar, eða samtals í fjóra mánuði talið frá 13. apríl 2021, þ.e. til 13. ágúst 2021. Einnig staðfesti Landsréttur í máli nr. [...] /2021 úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur frá 17. maí 2021 þar sem staðfestur var úrskurður barnaverndaryfirvalda um vistun drengsins G, barns sóknaraðila og sambýlismanns hennar, utan heimilis í tvo mánuði frá 13. apríl 2021, eða til 13. júní sl. Hefur varnaraðili dvalist með drenginn þennan tíma á [...]. Við munnlegan flutning málsins kom fram að vistun drengsins hefði nú verið framlengd um tvo mánuði í viðbót eða fram í miðjan ágúst og að móðir dveldist enn með

hann á [...]. Eins og staðan er nú er mál þetta er tekið til úrskurðar eru öll börn varnaraðila vistuð utan heimilis samkvæmt ákvörðunum barnaverndaryfirvalda fram í miðjan ágúst nk.

Vorið 2020 var unnið forsjárhæfnismat á varnaraðila og sambýlismanni hennar og liggja þau gögn fyrir í málinu. Í matsgerð frá 11. maí 2020 kom fram að varnaraðili hefði fengið eftirfarandi sjúkdómsgreiningar: [...]. Þá kom þar fram að hún hefði haft getu og hæfni til þess að hafa innsýn í þarfir barna sinna á þeim tíma sem hún hefði haldið bindindi. Samandregið var bent á að forsjárhæfni varnaraðila stæði og félli með því hvernig henni gengi að hafa stjórn á fíknisjúkdómi sínum. Forsenda þess að ala upp barn væri að halda bindindi og að börn væru ekki beitt ofbeldi eða ofbeldi beitt í návist þeirra. Tækist varnaraðila að halda sig frá fíkniefnum og tryggja að ofbeldi væri ekki beitt á heimili hennar væri forsjárhæfni hennar góð.

Við meðferð þessa þáttar málsins fyrir dóminum hefur verið lögð á það áhersla af hálfu varnaraðila að hún eigi ekki við vanda að etja, hvorki vegna fíknar né andlegra veikinda, sem réttlætt geti að grípa hafi þurft til svo íþyngjandi úrræðis gagnvart henni og börnum hennar sem vistunar þeirra utan heimilis. Hún hafi ekki neytt fíkniefna frá mánaðamótum júní/júlí 2019 er hún hafi lokið vímuefna meðferð. Í úrskurði héraðsdóms sem Landsréttur staðfesti í máli nr. [...]/2021 og fyrr er getið, er varðar yngsta barn varnaraðila, kemur fram að á meðan varnaraðili hafi gengið með drenginn hafi málefni hennar verið í vinnslu hjá barnaverndaryfirvöldum samkvæmt 30. gr. barnaverndarlaga því starfsmenn óttuðust að hún neytti lyfja á meðgöngunni. Barnavernd hafi óskað eftir samvinnu varnaraðila um að gera meðferðaráætlun þegar drengurinn fæddist en foreldrar hans hafi hafnað því og málinu verið lokað. Í úrskurðinum segir svo nánar að í upplýsingum sem heilsugæsla hafi tekið saman í janúar 2021 segi meðal annars að í fæðingartilkyningu um drenginn, en hann er fæddur í [...], sé greint frá fráhrarfseinkennum hjá nýbura vegna fíknilyfjanotkunar móður (P96.1, ICD-10) og að [...].

Varnaraðili hafnar því alfarið að hafa verið í neyslu á þessum tíma og leggur áherslu á það í greinargerð sinni að fæðingin hafi reynt mikið á hana og hún verið mjög lengi að jafna sig eftir hana. Fram kemur í gögnum málsins að varnaraðili hefur frá ársbyrjun 2021 verið í viðtölum hjá fíkniráðgjafa og kom þetta einnig fram við flutning málsins.

II

Málsástæður og lagarök sóknaraðila í þessum þætti málsins

Sóknaraðili telur brýnt að dómurinn úrskurði að hann fari með forsjá stúlkunnar til bráðabirgða á meðan forsjármálið er rekið, sbr. 1. mgr. 35. gr. barnalaga, og að lögheimili hennar verði hjá honum og jafnframt verði kveðið á um meðlagsgreiðslur til bráðabirgða. Sóknaraðili leggur áherslu á að í fyrrefndu lagaákvæði komi fram að við slíkar ákvarðarnir beri að hafa að leiðarljósi það sem barni er fyrir bestu. Aðstæður í máli þessu séu slíkar að nauðsynlegt sé að tryggja stöðugleika í lífi stúlkunnar meðan mál þetta er rekið fyrir dóminum. Ljóst sé að stúlkan sé nú vistuð hjá sóknaraðila samkvæmt ákvörðunum barnaverndaryfirvalda fram til 13. ágúst nk. Þá sé nú ljóst að varnaraðili muni áfram og fram til þess tíma dveljast á [...] með yngsta barn sitt. Hvað þá taki við sé óljóst og þá sé óljóst hvort og hvenær sambýlismaður varnaraðila komi aftur inn á heimilið en fram hafi komið að til standi að hann hefji nú afplánun. Börn aðila hafi þurft að líða nóg og nú sé mál að linni.

Sóknaraðili tekur fram að um bráðabirgðakröfu sína vísi hann til allra sömu sjónarmiða og eigi við hvað varði efniskröfu hans í málinu og að krafan sé sett fram með velferð stúlkunnar að leiðarljósi til þess að tryggja rétt hennar á að lifa, þroskast og njóta verndar, umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska, sbr. 1. gr. barnalaga og 1. gr. barnaverndarlaga.

Sóknaraðili telur uppeldisaðstæður hjá varnaraðila augljóslega vera slæmar og ófullnægjandi með öllu eins og gögn málsins beri með sér. Auk vandamála varnaraðila liggi fyrir að sambýlismaður hennar hafi enga stjórn á fíknivanda sínum og sé ófær um að taka þátt í uppeldi þeirra barna sem séu á heimilinu. Þá séu grunsemdir um að varnaraðili hafi fallið í bindindi sínu. Bendir sóknaraðili á að í gögnum komi fram að barnaverndaryfirvöld og lækna og hjúkrunarfólk hafi haft áhyggjur af velferð ófædds barns varnaraðila á meðgöngu en barnið hafi fæðst í [...]. Gögn frá heilsugæslu tali sínu máli. Sóknaraðili kveðst telja ljóst að forsjárhæfni varnaraðila og sambýlismanns hennar sé stórkostlega löskuð.

Þeim hafi ítrekað verið bent á nauðsyn þess að taka á fíknivanda sínum, en virðist ekki láta sér segjast. Sambýlismaðurinn hafi ítrekað verið staðinn að akstri án réttinda og undir áhrifum fíkniefna. Hann hafi fengið ný mánaða fangelsisdóm [...] fyrir ítrekuð brot í janúar og mars 2020. Hann hafi verið stöðvaður réttindalaus við vímuefnaakstur 1. október 2020 og aftur 23. desember 2020. Þá sé hann grunaður um sölu fíkniefna. Sóknaraðili kveðst telja að velferð dóttur hans sé hætta búin af háttsemi og framferði sambýlismanns varnaraðila á heimilinu. Alveg sé óljóst hvað taki við þegar sambýlismaðurinn ljúki afplánun og þá sé raunar ekki ljóst hvort hann hafi hafið hana.

Eins og fram sé komið í málinu hafi dóttir aðila, C, verið látin taka ábyrgð á yngri systkinum sínum, E, F og G, þrátt fyrir ungan aldur, og það sé óviðunandi. Hún annist oft á tíðum systkini sín á morgnana og búi út nesti í skóla fyrir þau og þurfi stundum að vekja móðurina. Keyrt hafi um þverbak 27. febrúar sl. þegar hún hafi hringt í sóknaraðila og beðið hann að sækja sig. Hún hafi þá ekki getað vakið móður sína og verið ein með systkini sín, þar á meðal nokkurra mánaða gamlan bróður sinn sem hún hafi þurft að sinna. Ekki sé hægt að bjóða börnum upp á svona aðstæður.

Sóknaraðili taki fram að varnaraðili búi í félagslegu húsnæði í [...] með fjögur börn. Hún sé öryrki og hafi verið án atvinnu í fjölda ára. Hún hafi lýst því yfir að hún hyggist búa áfram með sambýlismanni sínu, þau eigi nú barn saman og hann sé hluti af fjölskyldunni. Sóknaraðili búi ásamt sambýliskonu sinni, þremur sonum og [...] í leiguíbúð við [...] sem sé í nágrenni við heimili stefndu. Þau hafi nýverið fest kaup á sinni fyrstu íbúð í [...]. Sóknaraðili sé menntaður [...] og hafi síðan 2016 starfað hjá [...]. Sambýliskona hans sé með meistaragraðu í [...]. Þau séu reglusöm, sterk félagslega og hafi skapað öryggi í kringum fjölskylduna með þétt net vina og vandamanna. Sóknaraðili kveðst leggja áherslu á að varnaraðili virðist engan eða lítinn stuðning hafa frá fjölskyldu sinni eða vinum.

Sóknaraðili telji augljóst að þótt varnaraðili vilji vel sé forsjárhæfni hennar takmörkuð og einsýnt að hún taki hagsmuni sambýlismannsins fram yfir hagsmuni barna sinna. Vegna vímuefnaneyslu á heimilinu séu uppeldisaðstæður barnanna í umsjá hennar með öllu óviðunandi. Ljóst sé að mikið verk sé fram undan hjá varnaraðila og sambýlismanni hennar við að ná tókum á líferni sínu og muni langur tími líða áður en hægt sé að fullyrða um bata eða batahorfur. Ekki sé því að sjá að aðstæður varnaraðila breytist mikið í nánustu framtíð og því litlar líkur á að aðstæður C breytist til hins betra. Séu meiri líkur en minni að hún muni að óbreyttu búa áfram við óviðunandi aðstæður á heimili varnaraðila.

Þá bendi sóknaraðili á að varnaraðili hafi verið greind með [...]. Vandí hennar að því leyti virðist hafa aukist undanfarin ár eftir að hún tók upp samband við núverandi sambýlismann. Þessi veikindi hafi að mati sóknaraðila haft skaðleg áhrif á dóttur aðila, sem undanfarin ár hafi byrjað að sýna aukin einkenni vanlíðunar.

Að virtu öllu því sem fyrir liggir í málinu á þessu stigi kveðst sóknaraðili telja ljóst að stúlkunni sé betur borgið í forsjá og umsjá hans. Hjá honum búi hún við stöðugleika og öryggi. Hún hafi auk þess verið vistuð hjá honum meira og minna frá því í apríl 2019 samkvæmt ákvörðunum barnaverndaryfirvalda. Eftir að Landsréttur hafi í [...] fellt úr gildi ákvörðun barnaverndaryfirvalda um vistun í sex mánuði frá desember 2019 hafi stúlkun farið aftur til varnaraðila. Ekki hafi liðið langur tími þar til allt var komið í óefni aftur og hún verið aftur vistuð hjá honum.

Sóknaraðili styður varakröfu sína sömu rökum og aðalkröfu en telur forsendur geta verið fyrir áframhaldandi sameiginlegri forsjá, að því gefnu að stúlkun eigi lögheimili hjá honum og að verulegar breytingar verði á högum stefndu. Eins og staðan sé núna krefjist hann þess ekki að úrskurðað verði um umgengni. En það sé vilji hans að stúlkun njóti ríkulegrar umgengni við báða foreldra. Losni varnaraðili og sambýlismaður hennar úr viðjum fíknisjúkdóma sinna telji sóknaraðili grundvöll fyrir því að varnaraðili fái ríka umgengni við stúlkuna. Þó sé alveg ljóst að framundan sé mikil vinna hjá varnaraðila við að koma lífi sínu á réttan kjöl og allt of snemmt að segja til um hvort og hvernig henni takist það. Því sé brýnt að taka afstöðu til bráðabirgðakrafna hans í málinu svo koma megi á stöðugleika í lífi dóttur hans.

Sóknaraðili byggir kröfu sína um einfalt meðlag á 54. gr., sbr. 53. gr., barnalaga. Lögskylt sé að kveða á um greiðslu meðlags til barna við ákvörðun forsjár og fari um fjárhæð þess á hverjum tíma eftir ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins.

Sóknaraðili kveðst ekki gera kröfu um ákvörðun umgengni við telpuna. Eins og staðan sé nú sé hún vistuð á heimili hans til 13. ágúst nk. samkvæmt ákvörðun barnaverndaryfirvalda sem staðfest hafi verið af dómstólum. Sóknaraðili hafi haft umgengni við telpuna á þessum tíma samkvæmt ákvörðunum Barnaverndar og ekki sé rétt að svo stöddu að kveða sérstaklega á um tilhögun umgengni við þessar aðstæður í úrskurði dómsins um bráðabirgðakröfur hans.

III

Málsástæður og lagarök varnaraðila í þessum þætti málsins

Varnaraðili byggir kröfu sína um að bráðabirgðakröfum sóknaraðila verði hafnað og um sýknu af kröfum um breytingu á forsjá á því að það sé stúlkunni fyrir bestu að hún fari áfram ein með forsjá hennar. Henni líði vel hjá móður og allur aðbúnaður og aðstæður stúlkunnar séu til lengri tíma góðar, þannig að ekkert sé að finna varðandi hagsmuni hennar sem kalli á breytingu á forsjárskipan. Stúlkun hafi búið hjá varnaraðila frá fæðingu og ávallt verið í óskiptri umönnun hennar en mjög lítið notið sameiginlegrar umönnunar foreldra sinna enda hafi þau aldrei verið í sambúð eftir fæðingu barnsins. Þegar af þeirri ástæðu sé enginn grundvöllur fyrir sameiginlegri forsjá aðila.

Varnaraðili tekur fram að ekkert í málinu nú kalli á breytingu á forsjárskipan, lögheimili og meðlag til bráðabirgða meðan forsjármálið sé rekið fyrir dómnum. Varnaraðili búi nú á vistheimili á vegum Barnaverndar með yngsta barn sitt og njóti umgengni við þrjú eldri börn sín samkvæmt ákvörðun barnaverndaryfirvalda.

Varnaraðili tekur fram að afstaða sóknaraðila til hennar sé mjög neikvæð, eins og fram komi í gögnum málsins, þar sem hann stofni ítrekað til ágreiningsmála við hana samþykki hún ekki allar hans kröfur. Jafnframt séu samskipti aðila erfið, sóknaraðili hlusti ekkert á hana og hennar sjónarmið og þannig sé enginn samningsgrundvöllur fyrir hendi. Varnaraðili kveðst telja að með háttsemi sinni undanfarið, og oft áður, hafi sóknaraðili sýnt algjörlega umbúðalaust að hann hafi tekið ákvörðun um að stúlkun skuli ekki umgangast hana og hann beiti öllum brögðum og ráðum til að framfylgja því. Sóknaraðili sé því mjög líklegur til að tálma umgengni stúlkunnar við varnaraðila fari hann með forsjá hennar.

Laugardaginn 27. febrúar sl. hafi sóknaraðili sótt stúlkuna á heimili varnaraðila án samþykkis hennar og að hans undirlagi hafi faðir yngri barnanna einnig gert það. Hvorki E né F hafi viljað fara frá varnaraðila enda hafi þau verið nýkomin í umgengni. C hafi hringt í E og sagt henni að fara út til föður síns en F hafi hágrátið þar sem verið var að þrýsta á að hann að fara til föður síns, bæði af hálfu föður og eldri systur hans. Hafi varnaraðili og sambýlismaður hennar þurft að hughreysta drenginn og fara með honum út til föður hans þar sem þau vildu ekki að barninu yrði stillt upp í ágreiningi sóknaraðila við þau.

Varnaraðili byggir kröfu sína á því að barnið sé mun tengdara sér en sóknaraðila og vilji þar af leiðandi búa hjá henni og vera í forsjá hennar. Þá hafi hún reynslu af því að sóknaraðili eigi erfitt með að stjórna skapi sínu og sýna jafnaðargeð í mannlegum samskiptum. Það gefi henni bæði ástæðu til að vantreysta sóknaraðila þegar komi að sameiginlegum ákvarðanatökum vegna barnsins og til að draga í efa hæfni hans til að fara með hagsmuni þess til lengri tíma, svo sem í sameiginlegri forsjá. Þá byggir varnaraðili kröfu sína um óskipta forsjá á því að hún sé betur til þess fallin en sóknaraðili að fara með forsjá barnsins. Hún hafi annast barnið frá fæðingu og sé það nátengt varnaraðila, auk þess sem þrjú systkini telpunnar búi hjá henni.

Að lokum byggist krafa varnaraðila um óskipta forsjá á því að það sé meginregla barnalaga nr. 76/2003 að þegar börn fæðist í óskiptri forsjá eigi að halda henni nema foreldrar semji sérstaklega um annað. Meginreglan um sameiginlega forsjá við samvistaslit eigi þannig aðeins við um börn sem hafi áður notið sameiginlegrar forsjár foreldra sinna, eðli málsins, samkvæmt enda verði sameiginleg forsjá að byggjast á góðu samstarfi foreldra til að sú forsjárskipan verði barninu fyrir bestu. Kveðst varnaraðili í þessu sambandi vísa til orðalags í 2. mgr. 29. gr. barnalaga, þar sem allur vafi sé tekinn af um það að forsjá barns sé óskipt þegar foreldrar séu hvorki í hjúskap né sambúð, eins og hátti til í þessu máli. Megi jafnframt ráða þessa meginreglu um börn sem áður hafi verið í óskiptri forsjá af orðalagi í 4. mgr. 34. gr., þess efnis að taka skuli mið af því hvort forsjáin hafi áður verið sameiginleg, en sömu sjónarmið koma fram í greinargerð laganna.

Varðandi kröfu um umgengni þá liggi fyrir umgengnisamningur sem aðilar gerðu með sér sem kveði á um skipta umgengni sem hafi gengið vel og henti sú umgengni vel þörfum stúlkunnar og aðila máls en eins og staðan sé núna njóti hún umgengni við börnin á vistunartíma samkvæmt ákvörðunum barnaverndaryfirvalda.

Varnaraðili kveðst telja að allar þær ásakanir sem á hana séu bornar, um meinta vanrækslu, neyslu o.fl., megi rekja til skýrs ásetnings sóknaraðila að ná barninu á sitt vald. Hann skrumskæli allar frásagnir hennar um atvik sem gerast á heimili varnaraðila í þeim eina tilgangi að gera barnið svo háð honum að það þori ekki að taka aftur frásagnir um meinta vanrækslu vegna hollustu við föður sinn og vilja til að veita honum styrk og svíkja hann ekki. Hann geri barnið að sínum trúnaðarvini og telji henni trú um að venjulegir uppeldishættir á heimili varnaraðila séu vanræksla í garð stúlkunnar.

Sóknaraðili hafi sjálfur viðurkennt að hann hafi ítrekað og nákvæmlega rætt tilhögun forsjar, lögheimilis og umgengni við barnið. Sóknaraðili hafi þannig komið því inn hjá barninu að móðir hennar sé óhæf og þess vegna þurfi hún ekki aðeins að búa hjá honum heldur megi hún ekki einu sinni vera í umgengni af þeim sökum.

Varnaraðili tekur fram að hvorki hún né sambýlismaður hennar hafi nokkurn tíma beitt börnin ofbeldi eða vanrækslu, en ljóst sé að undanfarinn vetur hafi verið fjölskyldunni erfiður, bæði vegna umönnunar ungbarnsins, veikinda varnaraðila og samfélagsástandsins. Sögur barnsins af meintu ofbeldi og vanrækslu undanfarin ár, eða frá í febrúar 2019, hafi breyst eftir því hver talaði við hana. Varnaraðili telur að aðdraganda þess að barnið tjái sig með þessum hætti megi að mestu rekja til vilja og afstöðu sóknaraðila. Með því sé sóknaraðili ekki að virða hagsmuni barnsins og sýni með þessu að hann hafi ekki skilning á grundvallarþörfum barnsins, svo sem með tilliti til tengsla við báða foreldra og að vera ekki dregin inn í ágreiningsmál foreldra sinna.

Hvað varðar aðstæður og hæfi sóknaraðila telur varnaraðili skipta máli að hann eigi ásamt sambýliskonu sinni samtals [...] börn, [...] þannig að álagið á heimilinu sé töluvert. Auk þess eigi þau bæði langa neyslusögu og ítrekaðar fíkniefnameðferðir að baki og sé varnaraðili óviss um að sambýliskona sóknaraðila haldi enn fullt bindindi. Þannig sé forsjarhæfni hans með tilliti til fíknisjúkdóms og óreglu síst betri en hennar, gagnstætt því sem látið sé liggja að í stefnu.

Varnaraðili ítreki að ekkert í málinu leiði til þess að tilefni sé til að fallast á bráðabirgðakröfur sóknaraðila í málinu. Varnaraðili kveðst telja að ítrekað sé verið að senda ábendingar til Barnaverndar um að hún sé í stöðugri neyslu ásamt sambýlismanni sínum en það sé alls ekki rétt. Varnaraðili hafi frá árslokum og fyrstu mánuði þessa árs átt við líkamleg veikindi að stríða. Á sama tíma hafi yngsta barnið verið að taka tennur og lítið á sofnið á næturnar þannig að hún hafi lítið hvílst. Sambýlismaður varnaraðila hafi ekki náð að halda fullt bindindi í vetur, en þau stöku skipti sem hann hafi farið í neyslu hafi hann farið af heimilinu. Á þeim tíma hafi álagið á varnaraðila verið meira. Sambýlismaður hennar hafi síðan farið í meðferð á [...] í byrjun febrúar sl. og hafi sótt meðferð hjá [...] síðan en þangað hafi honum verið vísað við útskrift frá [...].

IV

Skýrsla sérfræðings

Í þinghaldi 20. maí sl. ákvað dómari að óska eftir því, með vísan til 1. mgr. 43. gr. barnalaga nr. 76/2003, að sérfróður aðili kynnti sér viðhorf stúlkunnar og var D sálfræðingur fengin til þess að ræða við börnin og fá fram afstöðu þeirra til framkominnar kröfu sóknaraðila. Sálfræðingurinn hafði einnig rætt við stúlkuna xx. maí sl. er mál vegna vistunar hennar utan heimilis var til meðferðar fyrir dómnum. Sálfræðingurinn skilaði skriflegri skýrslu til dómsins 8. júní sl. sem strax var send lögmonnum aðila. Sálfræðingurinn kom fyrir dómnum við meðferð málsins og staðfesti þar efni skýrslu sinnar og niðurstöður.

Í skýrslunni kemur fram að sálfræðingurinn hafi rætt við stúlkuna xx. júní sl. í tilefni af máli þessu. Stúlkun hafi gjarnan viljað spjalla um daginn og veginn en henni hafi ekki legið eins mikið á hjarta að ræða sín mál og í samtalinu mánuði fyrr. Hún hafi svarað öllum spurningum sem fyrir hana hafi verið lagðar en ekki verið alveg eins föst fyrir í svörum sínum og í fyrra viðtali.

Fram kom í samtali þeirra að stúlkan hefði nokkrum dögum fyrr hitt móður sína í fyrsta sinn í umgengni á [...] með systkinum sínum. Hún sagði umgengnina hafa verið skemmtilega. Aðspurð hefði stúlkan sagt sér hafa liðið vel eftir að hafa verið með móður sinni. Þá kom fram að hún væri ekki lengur með lokað á símanúmer móður sinnar og þær heyrðust núna vikulega á miðvikudögum í föstum símatímum og það væri gott. Hún sagði sér enn þá líða vel hjá föður sínum og stjúp móður. Hún sagði frá því að hún hefði haldið upp á afmælið sitt [...] í Keiluhöllinni með föður sínum og það hefði heppnast vel. Hún væri hætt að hitta sálfræðing SÁÁ í Efstaleiti.

Sálfræðingurinn spurði stúlkuna út í óskir hennar varðandi forsjá. Hún sagðist vilja að faðir hennar hefði forræði yfir henni en hafði ekki skoðun á því hvort hún vildi að faðir færi einn með forsjá eða foreldrar hennar báðir. Hún sé ákveðin í að vilja að lögheimili hennar sé hjá föður og bætti þá við að móðir hennar væri hvort eð er ekki heima og hún vildi skipta yfir í [...]. Hún væri ekki tilbúin enn til að gista hjá móður sinni en þegar fram í sækti sagðist hún óska þess að geta verið í helgarumgengni hjá henni. Hún sagðist ekki myndu vilja vera í vikuskiptri umgengni og nefndi í því samhengi að móðir hennar ætti ekki bíl og myndi því ekki geta komið henni í skóla.

Í samantekt sálfræðings kemur fram að C sé [...] ára gömul. Þroski hennar virðist ágætur og hún hafi góða yfirsýn yfir aðstæður sínar. Stúlkan óski eftir að faðir hennar fari með forsjá hennar og að lögheimili hennar verði hjá honum. Hún sé ekki tilbúin til að gista strax hjá móður sinni en segist sjá fram á að vilja vera í helgarumgengni við hana seinna.

V

Niðurstaða

Í þessum þætti málsins er til umfjöllunar krafa sóknaraðila, sem hann hefur sett fram á grundvelli 35. gr. barnalaga nr. 76/2003, um að kveðið verði á um forsjá, lögheimili og meðlag, til bráðabirgða, þar til endanleg ákvörðun um forsjá liggur fyrir í máli aðila. Gerir hann þá aðalkröfu að hann fá fulla forsjá með dóttur aðila, C, kveðið verði á um að lögheimili verði hjá honum og um greiðslu meðlags, en til vara að forsjá verði áfram sameiginleg en kveðið verði á um að lögheimili verði hjá honum og um greiðslu meðlags. Varnaraðili krefst þess að hafnað verði kröfum sóknaraðila um breytta skipan forsjár og lögheimili telpunnar og meðlagsgreiðslur meðan mál þetta er rekið fyrir dómnum og að ákveðin verði tilhögun umgengni meðan á forsjármálinu stefndur.

Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. barnalaga hefur dómari í máli um forsjá barns heimild til að úrskurða til bráðabirgða, að kröfu aðila, hvernig fara skuli með forsjá þess, eftir því sem barninu er fyrir bestu. Í 2. mgr. ákvæðisins kemur fram að hafni dómari kröfu um niðurfellingu sameiginlegrar forsjár meðan forsjármál er til meðferðar fyrir dómi geti hann eigi að síður kveðið á um lögheimili barns, umgengni og meðlag til bráðabirgða. Í slíku máli geti dómari enn fremur ákveðið að barn skuli búa hjá foreldrum sínum á víxl, enda þyki slíkt fyrirkomulag samræmast hagsmunum barnsins. Í athugasemdum með þessu ákvæði er áréttað að almennt megi líta svo á að æskilegt teljist að forsjá haldist sameiginleg meðan máli er ráðið til lykta en dómari geti þá ákveðið hjá hvoru foreldri barn skuli eiga lögheimili, umgengni og meðlagsgreiðslur. Rök þurfa því að standa til þess að gera breytingar á forsjá barns á meðan forsjárdeila er rekin fyrir dómstólum. Í 3. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um heimild dómara til að breyta úrskurði samkvæmt 1. og 2. mgr. af sérstökum ástæðum, þyki það vera barni fyrir bestu. Þá segir í 6. mgr. að úrskurður samkvæmt 1.–4. mgr. bindi ekki hendur dómara þegar ákveða skuli forsjá, lögheimili, umgengni eða meðlag samkvæmt 34. gr. laganna.

Að þessu sögðu tekur dómurinn fram að við úrlausn bráðabirgðakrafna aðila á grundvelli 35. gr. barnalaga undir rekstri forsjármáls ber dómara ávallt að líta til þess hvað barni er fyrir bestu, eins og á við um allar ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laganna. Rökin að baki heimild 1. mgr. 35. gr. eru einkum þau að hagsmunir barnsins kunni að kalla á það að málum þess verði skipað til bráðabirgða þar sem meðferð forsjármáls geti tekið langan tíma. Í eðli sínu er þetta bráðabirgðaráðstöfun sem verður beitt án þess að rækileg könnun fari fram á aðstæðum og högum foreldra og barns af hálfu dómara. Dómurinn áréttar að við úrlausn málsins eru hagsmunir barnanna hafðir að leiðarljósi í samræmi við ofangreint og markmið barnalaga eins og þau endurspeglast m.a. í 1. gr. laganna.

Í 28. gr. a í barnalögum segir að búi foreldrar ekki saman hafi það foreldri sem barn á lögheimili hjá heimild til að taka afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barnsins, svo sem um hvar barnið skuli eiga lögheimili innanlands, um val á leikskóla, grunnskóla og daggæslu, venjulega og nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og reglubundið tólmundastarf. Fari foreldrar saman með forsjá barns skuli þeir þó leitast við að hafa samráð áður en þessum málefnum barnsins er ráðið til lykta.

Aðstæður í máli þessu, úrskurðir sem hafa gengið í málefnum varnaraðila og barna hennar og sjónarmið aðila hafa verið ítarlega rakin hér framar. Ljóst má vera af gögnum málsins að ýmislegt hefur gengið á í lífi barnanna síðustu misseri og nauðsynlegt hefur verið talið að grípa inn í málefni þeirra. Hefur þetta óhjákvæmilega raskað hógum barnanna. Börnin hafa meðan á þessum ráðstöfunum hefur staðið verið vistuð hjá feðrum sínum og hefur stöðugleiki í lífi þeirra þannig verið tryggður þennan tíma eins og kostur er.

Undir rekstri þess máls fól dómari sálfræðingi að ræða við stúlkuna sem um ræðir í þessu máli, C. Hafði sálfræðingurinn einnig rætt við stúlkuna er vistunarmál hennar var til meðferðar fyrir dómnum fyrir á þessu ári. Sálfræðingurinn skilaði dómnum skýrslu vegna viðtalsins og kom einnig fyrir dómnum við meðferð málsins. Í skýrslu hennar er rakið hvað kom fram í viðtölum hennar við stúlkuna. Fram kemur í samantekt sálfræðingsins að stúlkan óski eftir að faðir hennar fari með forsjá hennar og að lögheimili hennar verði hjá honum. Hún sé ekki tilbúin til að gista strax hjá móður sinni en segist sjá fram á að vilja vera í helgarumgengni við hana seinna. Fram kom hjá sálfræðingnum í skýrslu hennar fyrir dómnum að stúlkan hafi þroska til að meta aðstæður sínar og skilja inntak þeirra krafna sem um ræðir í máli þessu.

Í máli þessu liggur fyrir að varnaraðili hefur ávallt farið ein með forsjá stúlkunnar. Í stefnu kemur fram að umgengni stúlkunnar við föður sinn hafi hafist árið 2014 en í greinargerð varnaraðila segir að stúlkan hafi fyrst byrjað að vera í helgarumgengni hjá föður sínum árið 2016 og í viku og viku umgengni árið 2018. Hvað sem þessu líður er ljóst að stúlkan hefur dvalið hjá föður sínum samkvæmt ákvörðunum barnaverndaryfirvalda á vistunartíma stúlkunnar utan heimilis, nú síðast frá því í lok febrúar sl. Hafa allar þessar ákvarðanir verið ítarlega raktar hér framar.

Við umfjöllun um bráðabirgðakröfur er ljóst að ákvörðun dómara getur eðli málsins samkvæmt einungis byggst á fyrirliggjandi gögnum í upphafi forsjármáls um hagi og aðstæður barna. Ekkert bendir til annars í þessu máli en að stúlkunni líði vel hjá föður sínum. Þá hefur stúlkan lýst skýrum vilja til að vera í forsjá föður síns en hefur ekki skoðun á því hvort forsjá eigi að vera sameiginleg. Þá sér hún fyrir sér að fara í helgarumgengni til móður en ekki strax. Dómurinn telur ekki unnt að líta fram hjá afstöðu stúlkunnar og liggur ekkert annað fyrir í málinu en að hún lýsi af einlægni vilja sínum til þess að faðir hennar sjái um mál hennar. Sýnist ekki varhugavert að draga þá ályktun af skýrslu sálfræðings um viðtal við stúlkuna að hún finni fyrir meiri stöðugleika og öryggi hjá sóknaraðila en hjá varnaraðila vegna aðstæðna á heimili móður.

Eins og mál þetta er vaxið verður því að telja, í ljósi allra atvika og skýrrar afstöðu stúlkunnar, að brýna nauðsyn beri til að breyta þeirra forsjárskipan sem verið hefur við lýði og kveða á um að forsjá aðila verði sameiginleg meðan forsjármál þeirra er til meðferðar fyrir dómnum. Aðalkröfu sóknaraðila um fulla forsjá stúlkunnar til bráðabirgða er því hafnað en fallist á varakröfu hans um sameiginlega forsjá til bráðabirgða. Kalla hagsmunir stúlkunnar á að forsjá hennar verði fyrir komið með þessum hætti vegna aðstæðna móður.

Dómurinn tekur fram að ekki verður fallist á þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð varnaraðila að ekki sé unnt að mæla fyrir um sameiginlega forsjá til bráðabirgða eins og hér háttar til þar sem annað foreldri hefur fram til þessa farið með fulla forsjá. Vísar dómurinn í því sambandi til dóms Landsréttar í máli nr. 449/2020.

Kemur þá til skoðunar hjá hvoru foreldra ákveða skuli lögheimili stúlkunnar, sbr. 2. mgr. 35. gr. barnalaga, en samkvæmt nágildandi fyrirkomulagi er það hjá varnaraðila. Eins og rakið hefur verið dvaldi stúlkan óslitið hjá sóknaraðila frá apríl 2019, er afskipti barnaverndaryfirvalda af málefnum móður og barna leiddu til inngríps í málefni þeirra, og fram í marslok 2020. Málinu var lokað hjá barnaverndaryfirvöldum í október 2020 og opnað aftur í janúar 2021. Hefur stúlkan nú dvalist á heimili föður frá 27. febrúar sl. Stúlkan hefur þennan tíma gengið í skóla í hverfi varnaraðila, [...], en hefur lýst

vilja sínum til að fara í [...] sem mun vera nær heimili sóknaraðila. Samkvæmt því sem fram er komið fyrir dóminum hefur varnaraðili óskað eftir því við skólayfirvöld að stúlkan fái að ganga í [...] frá og með næsta skólaári.

Við úrlausn á þessum þætti málsins verður ekki fram hjá því horft að málefni varnaraðila og barnanna hafa verið til umfjöllunar hjá barnaverndaryfirvöldum síðustu misseri. Eins og fram er komið voru ákvarðanir barnaverndaryfirvalda í málefnum barnanna staðfestar í fyrrgreindum úrskurðum Landsréttar frá [...] í málum nr. [...] /2021, [...] /2021 og [...] /2021. Dómstólar hafa þar með staðfest það mat barnaverndaryfirvalda að ástæða hafi verið til inngríps af hálfu þeirra í málefni varnaraðila og allra barna hennar. Hefur ekkert komið fram í málinu nú sem getur haggjað þessu mati eða leitt til þess að talið verði að íhlutun barnayfirvalda hafi verið óþörf.

Dómurinn efast ekki um góðan vilja móður til að ná tókum á lífi sínu en á þessu stigi er óljóst hvernig til tekst og hafa verður í huga að vinna móður að þessu getur tekið einhvern tíma. Af hálfu móður hefur verið lögð á það áhersla að hún hafi ekki verið í neyslu frá því að meðferð hennar lauk í júní/júlí 2019. Í málsatvikakafla hér frammar var rakið það sem fram kemur í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 17. maí 2021, sem staðfestur var í Landsrétti [...] í máli nr. [...] /2021, að móðir hefði verið í sérstöku eftirliti á meðgöngu yngsta barns síns, drengs sem fæddur er í [...], vegna gruns um notkun lyfja og að í fæðingartilkyrningu um drenginn hefði verið greint frá fráhrarfseinkennum hjá nýbura vegna fíknilyfjanotkunar móður. Þá er komið fram fyrir dóminum að móðirin hafi sótt fíkniráðgjöf í einhverjum mæli frá því í janúar 2021. Enn fremur er komið fram að hún hefur glímt við andleg einkenni, sum tengd neyslu að því er virðist, sem brýnt er að hún sæki viðeigandi meðferð við og hjálp til að takast á við. Svo virðist því sem margt bendi til þess að móðir eigi enn nokkuð í land að horfast í augu við vanda sinn.

Dómurinn telur mikilvægt að áfram sé stuðlað að því að ná sem mestum stöðugleika í lífi stúlkunnar og tryggt að hagsmunum hennar verði sem minnst raskað. Ljóst er að barnaverndaryfirvöld hafa þurft að grípa ítrekað inn í málefni hennar hjá móður og renna núverandi ráðstafanir út 13. ágúst nk.

Dómurinn telur því, að öllu framangreindu virtu og með hagsmuni og velferð stúlkunnar að leiðarljósi, henni fyrir bestu að lögheimili hennar verði hjá sóknaraðila, meðan leyst verður úr forsjármáli þessu fyrir dóminum og frekari gagnaöflun getur farið fram. Leggur dómurinn áherslu að telja verður að með þeirri ráðstöfun verði mestum stöðugleika náð í daglegu lífi stúlkunnar, eins og staðan er nú hjá varnaraðila. Áréttar dómurinn í þessu sambandi inntak 28. gr. a í barnalögum sem fyrr var getið. Verður því fallist á kröfu sóknaraðila hvað þetta varðar.

Eins og fram er komið hefur sóknaraðili ekki talið efni til að krefjast þess að tilhögun umgengni verði ákvörðuð nú fyrir dóminum. Varnaraðili hefur aftur á móti farið fram á að ákvarðað sé um umgengni og verður að líta svo á að sá hluti kröfu hennar eigi við verði lögheimili fært yfir til sóknaraðila, eins og dómurinn hefur nú fallist á.

Í VIII. kafla barnalaga er mælt fyrir um gagnkvæman umgengnisrétt barns og þess foreldris sem barn býr ekki hjá, og þá vernd sem þessi réttur nýtur. Er þar ekki aðeins um að ræða rétt og skyldu foreldris til umgengni við barnið, heldur ekki síður rétt barnsins til umgengni við foreldra sína. Þessi réttur foreldra og barna nýtur og sérstakrar verndar samkvæmt 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og 3. mgr. 9. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 18/1992. Almennt verður að líta svo á að hagsmunir barna standi til þess að hafa umgengni við báða foreldra sína og er ekki annað að sjá en báðir aðilar í þessu máli telji svo vera. Ákvæði 35. gr. barnalaga felur í sér heimild fyrir dómara til að úrskurða um umgengni, en við mat á því hvort það skuli gert ber dómara að líta til málsatvika eins og þau liggja fyrir þegar ákvörðun er tekin. Það eru þó ávallt hagsmunir barnsins sem ráða mestu um ákvörðun og skulu hagsmunir þess metnir mikilvægari stangist þeir á við hagsmuni foreldris.

Gerð hefur verið grein fyrir því hér frammar hvernig málið hefur þróast undir rekstri þess hvað varðar afskipti barnaverndaryfirvalda á grundvelli barnaverndarlaga, vistun stúlkunnar á heimili sóknaraðila samkvæmt ákvörðunum barnaverndarnefndar og meðferð mála móður og barna hjá barnaverndaryfirvöldum. Stúlkan hefur dvalið hjá sóknaraðila nú síðast frá því í febrúar sl. Hún hefur haft einhverja umgengni við móður, en ekki mikla, en hún dvelur á vistheimili barna, [...], með yngsta barn sitt og eftir því sem fram er komið mun sú ráðstöfun vara fram í miðjan ágúst, eins og vistunarráðstafanir

eldri barnanna þriggja. Stúlkan ræðir reglulega við móður sína í síma og hefur lýst því að hún sjái fyrir sér helgarumgengi við hana síðar en ekki strax.

Eins og málum er nú háttað telur dómurinn ekki rétt að kveða á þessu stigi á um umgengni varnaraðila við stúlkuna en tekur fram að þessi niðurstaða dómsins bindur ekki hendur aðila sjálfra með að koma sér saman um umgengni eða barnaverndaryfirvalda að koma á umgengni í ríkari mæli, í báðum tilvikum með vilja og hagsmuni stúlkunnar að leiðarljósi. Þá bendir dómurinn einnig á að í ákvæði 3. mgr. 35. gr. barnalaga er mælt fyrir um heimild dómara til að breyta úrskurði samkvæmt 1. og 2. mgr. af sérstökum ástæðum, þyki það vera barni fyrir bestu.

Sóknaraðili gerir þá kröfu í þessum þætti málsins að varnaraðili greiði honum einfalt meðlag frá uppkvaðningu úrskurðar. Með úrskurði þessum er lögheimili stúlkunnar fært til sóknaraðila til bráðabirgða og getur hann því á grundvelli 56. og 57. gr. laga nr. 76/2003 gert kröfu um meðlag úr hendi varnaraðila, sbr. 35. gr. laganna. Í 53. gr. laganna kemur fram að foreldrum er báðum saman og hvoru um sig skylt að framfæra barn sitt og skal haga framfærslu barns með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barnsins. Þá er samkvæmt 2. mgr. 55. gr. laganna eigi heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyri nemur, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar, og er þar átt við einfalt meðlag. Með vísan til framangreinds er fallist á kröfu sóknaraðila og verður varnaraðila gert að greiða einfalt meðlag með stúlkunni frá uppkvaðningu úrskurðar þessa eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ákvörðun málskostnaðar bíður dóms í forsjármáli aðila.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan úrskurð. Dómarinn tók við meðferð málsins 30. apríl sl.

Úrskurðarorð:

Aðalkröfu sóknaraðila, B, um fulla forsjá, C, dóttur hans og varnaraðila, A, til bráðabirgða, er hafnað en fallist á varakröfu hans um að aðilar fari sameiginlega með forsjá stúlkunnar þar til endanlegur dómur gengur í forsjármáli þeirra.

Lögheimili stúlkunnar skal vera hjá sóknaraðila þar til endanlegur dómur gengur í forsjármáli aðila.

Varnaraðili skal greiða sóknaraðila einfalt meðlag með stúlkunni frá uppkvaðningu úrskurðar þessa og þar til endanlegur dómur gengur í forsjármáli aðila.

Kröfu varnaraðila um að dómurinn úrskurði um umgengni meðan forsjármál aðila er til meðferðar er hafnað.

Ákvörðun málskostnaðar bíður dóms í forsjármáli aðila.